

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2012**

2012/EES/70/31

frá 28. september 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/631/ESB frá 21. september 2011 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2011/631/ESB fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2013 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 1. janúar 2013.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB):
„1fd. **32011 D 0631**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/631/ESB frá 21. september 2011 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 47).“
2. Texti liðar 1fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB) falli brott frá og með 1. janúar 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/631/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 313, 30.11.2010, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.